Alþing 133/473
Erindi nr. Þ 133/473
komudagur 4.12.2006

**LÍSA, samtök um landupplýsingar á Íslandi**

Reykjavík, 30. nóvember 2006

Umhverfisnefnd Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til upplýsingalaga, 296. mál, endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur.**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 23. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar LÍSU samtaka um frumvarp til upplýsingalaga, 296. mál, endurnot opinberra upplýsinga, EES-reglur.

Stjórn LÍSU þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar, en í ljósi þess að frestur til að skila er til 24. nóvember, náði hvorki stjórn né hinn almenni félagsmaður samtakanna, að vinna umsögn á rúmum sólarhring. Æskilegt hefði verið að fá frumvarpið til umsagnar fyrr.

Almennt um efni og tilgang frumvarpsins um að auka möguleika á að endurnota opinberar upplýsingar, þá er það mjög mikilvægt mál fyrir notendur og framleiðendur landupplýsinga þar sem aukin samnýting landupplýsinga eykur gildi þeirra.

Hér með er óskað eftir framlengingu á fresti til að skila inn umsögnum, svo félagsmenn samtakanna fái tækifæri til að kynna sér málið.

Virðingarfyllst
Stefán Guðlaugsson
Formaður LÍSU

LÍSA samtök um landupplýsingar á Íslandi, Pósthólf 8441,128 Reykjavík, netfang: lisa@ust.is, veffang: www.rvk.is/lisa